

Ársskýrsla 2025

Heimahjúkrun Reykjavíkur



Efnisyfirlit

1. Yfirlit yfir árið 2025– bls. 3

Árið í hnotskurn 2025– bls. 5

Skipulag og starfsstöðvar – bls. 6

Gæða- og árangursmælikvarðar heimahjúkrunar – bls. 7

2. Tölulegar upplýsingar – bls. 8

Fjöldi notenda heimahjúkrunar – bls. 9

Samþætt heimaþjónusta – bls. 11

Umfang starfsstöðva heimahjúkrunar– bls. 12

Þjónustufylgni og samskipti – bls. 13

Gæði og árangur – bls. 17

Gæðavísar RAI-HC– bls. 17

Niðurstöður innri úttektar– bls. 18

Atvikaskráningar – bls. 19

Niðurstöður aðstandendakönnunar – bls. 21

3. Önnur þjónusta og ný verkefni – bls. 22

Endurhæfingarteymi – bls. 23

SELMA – bls. 26

4. Velferðartækni – bls. 28

Skjáheimsóknir – bls. 29

Niðurstöður skjáheimsóknir– könnun meðal notenda 2025– bls. 30

Prófunarverkefni í fjarvöktun hjartabílaðra– bls. 31

Rafrænir lyfjaskammtarar– bls. 32

5. Þjónustusamningur um heimahjúkrun – bls. 33

Skrifstofa velferðarsviðs –bls 34






1. Yfirlit yfir árið 2025

Heimþjónusta sem veitt er af velferðarsviði Reykjavíkurborgar felur í sér samþættingu þjónustu heimahjúkrunar, heimastuðnings og heimaendurhæfingar. Markmið þjónustunnar er að veita einstaklingum heildstæða og samræmda þjónustu í heimahúsi. Með samþættingu þjónustunnar er leitast við að tryggja réttan stuðning, á réttum tíma og á réttu þjónustustigi.

Meginhlutverk heimahjúkrunar í samþættri þjónustu er að veita faglega hjúkrun og meðferð í heimahúsi, styðja við heilsu, virkni og endurhæfingu og stuðla að því að einstaklingar geti búið áfram á eigin heimili.

Árið 2025 einkenndist af öflugri þjónustu við notendur. Þó voru áskoranir í mönnun heimahjúkrunar vegna skorts á hjúkrunarfræðingum.

Lögð var áhersla á gæði og öryggi ásamt aukinni nýtingu velferðartækni og stafrænna lausna til að efla þjónustu og stuðla að sjálfstæði notenda.



Árið í hnotskurn 2025

2908 notendur
heimahjúkrunar

181.286 vitjanir

995 notendur í endurhæfingarteymum
– **64%** sjálfbjarga að fullu eða hluta við útskrift

350 tilfelli hjá SELMU
– **15** daga meðalmeðferðarlengd

3186 skjáheimsóknir í
hjúkrunareftirliti
– **5,7%** af heildarsamskiptum
heimahjúkrunar

99.986 lyfjagjafir rafrænna
lyfjaskammtara
– **99,3 %** meðferðarheldni

Skipulag og starfsstöðvar

Árið 2025 var heimaþjónusta rekin frá fjórum starfsstöðvum sem tilheyrðu Vesturmiðstöð, Norðurmiðstöð og Austurmiðstöð velferðarsviðs. Í töflu hér að neðan má sjá heiti starfsstöðva, staðsetningu og miðstöðvar sem starfsstöðvarnar tilheyrðu.

Á haustmánuðum 2025 hófst undirbúningur að sameiningu heimaþjónustu Vesturbyggðar og Miðbyggðar í eina starfsstöð. Markmið sameiningarinnar er að efla samstarf, samræma verklag og styrkja þjónustu við notendur.

Starfsstöð	Staðsetning	Miðstöð
Miðbyggð Sléttuvegur Efri Byggð Vesturbyggð	Efstaleiti 1	Norðurmiðstöð
	Sléttuvegur 7	Norðurmiðstöð
	Hraunbær 119	Austurmiðstöð
	Lindargata 59	Vesturmiðstöð

Þjónusta utan Reykjavíkur


Heimahjúkrun í Reykjavík veitir heimahjúkrun á Seltjarnarnesi og sinnir næturþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Fram til 1. apríl 2025 sinnti heimahjúkrun í Reykjavík jafnframt kvöld-og helgarþjónustu í Mosfellsbæ. Þá tók Eir við allri heimaþjónustu í sveitafélaginu.

Gæða- og árangursmælikvarðar heimahjúkrunar

Í heimahjúkrun á ávallt að styðjast við klínískt mat hjúkrunarfræðinga með stuðningi mælitækja sem heimahjúkrun notar. Niðurstöður þeirra á að nýta til að veita viðeigandi meðferð og meta árangur.

Árangursmælikvarðar heimahjúkrunar:

- a) Fjöldi einstaklinga í þjónustu (kennitölur og fjöldi innskráninga)
- b) Fjöldi vitjana
- c) Fjöldi símtala
- d) Fjöldi fjarsamskipta
- e) Viðbragðstími þjónustubeiðna skal vera 24–72 klukkustundir að hámarki
- f) Við upphaf þjónustu er unnið interRAI-HC-mat eða upplýsingum safnað, þjónustuþörf metin og þjónustuáætlun unnin í samráði við notanda.
- g) Sjúkraskráning skal vera í samræmi við lög og reglugerðir sem og skv. gæðaskjölum heimahjúkrunar.
- h) Heimahjúkrun beitir virkri gæðastjórnun með rekstri uppfærðrar gæðahandbókar og bera stjórnendur ábyrgð á að allir starfsmenn þekki og noti gæðahandbók á réttan hátt.
- i) Atvikakerfi og umbótastjórnun er virkt og rýnt árlega m.t.t. tíðni atvika. Atvik skulu lágmörkuð og unnið að umbótum.
- j) Innra eftirlit (úttektir) er framkvæmt tvisvar sinnum á ári samkvæmt úttektaráætlun og úrlausnir unnar innan tímaramma.
- k) Þjónustukannanir notenda eru framkvæmdar á tveggja ára fresti. Markmiðið er að yfir 88% séu í heild ánægð með þjónustu heimahjúkrunar. Niðurstöður á að nýta til að bæta þjónustu.
- l) Mönnun er tryggð og unnið að fjölgun fagstétta.
- m) Símenntun og endurmenntun starfsfólks tryggð.
 - a) Starfsfólk sækir sér skyldunámskeið og fræðslu.
 - b) Starfsfólk hafi gott aðgengi að námskeiðum við hæfi sem styrkir fagmennsku og eykur starfsánægju.
 - c) Stjórnendur skapi tækifæri fyrir starfsfólk og hvatningu til símenntunar og endurmenntunar.
 - n) Velferðartækni er nýtt þar sem möguleiki er.
 - o) Sérhæft hreyfanlegt öldrunarteymi er rekið í þeim tilgangi að notendur fái meðhöndlun við bráðum einkennum eða langvinnum sjúkdómum í heimahúsi.







2. Tölulegar upplýsingar

Tölulegar upplýsingar veita mikilvæga innsýn í umfang og þróun starfseminnar.
Eftirfarandi yfirlit sýnir helstu tölulegu upplýsingar um starfsemina árið 2025 og þróun helstu mælikvarða.


Fjöldi notenda heimahjúkrunar

Mynd 1 sýnir fjölda notenda sem fékk heimahjúkrun á árunum 2021-2025. Fjöldi notenda jókst um 1,8% á milli áranna 2024 og 2025.




Mynd 2 Aldursskipting notenda heimahjúkrunar 2021-2025. Aldursskipting hefur breyst lítillega á tímabilinu. Einstaklingar 85 ára og eldri eru áfram stærsti hópur notenda.

Fjöldi notenda heimahjúkrunar



Mynd 3 sýnir skiptingu á fjölda notenda eftir kyni milli ára. Kynjahlutfall er nokkuð stöðugt á milli ára.

Mynd 4 sýnir hlutfall íbúa 80 ára og eldri í Reykjavík sem fengu heimahjúkrun á árunum 2021-2025, skipt eftir kyni. Hlutfallið var svipað milli ára hjá bæði konum og körlum og breyttist lítið á tímabilinu.




Sambætt heimaþjónusta

Heimaþjónusta er sambætt þjónusta heimahjúkrunar, heimastuðnings og heimaendurhæfingar. Í sambætttri þjónustu felst samvinna heimahjúkrunar, heimastuðnings og heimaendurhæfingar um þjónustu á heimili notenda. Markmiðið er að veita rétta þjónustu af réttum aðila og þannig hámarka hagkvæmni og gæði þjónustunnar. Með sambætttri heimaþjónustu er reynt að tryggja að einstaklingar sem þurfa þjónustu heim fái sambætta þjónustu á réttu þjónustustigi.

57% notenda heimahjúkrunar fengu einnig heimastuðning árið 2025


Lykiltölur	2025	2024	Breyting
Heimaþjónusta	3.378	3.384	▼ 0,2%
Heimahjúkrun	2.908	2.857	▲ 1,8%
Fá bæði heimahjúkrun og heimastuðning	1.657	1.607	▲ 3,1%
Hlutfall notenda heimahjúkrunar með heimastuðning	57,00%	56,20%	▲ 0,8 pr.stig



Mynd 5 sýnir fjölda notenda sem nutu sambættrar þjónustu 2021-2025


Umfang starfsstöðva heimahjúkrunar

Mynd 6 sýnir hlutfallslega dreifingu notenda eftir starfsstöðvum árin 2021-2025



Fjöldi notenda 2025


Miðbyggð:	1129
Efri byggð:	1070
Vesturbyggð:	709



Mynd 7 sýnir hlutfallslega skiptingu nýrra beiðna milli starfsstöðva árið 2025. Flestar beiðnir bárust til efri byggðar, eða 40% allra nýrra beiðna. Miðbyggð tók við 35% beiðna en Vesturbyggð 25%.

Þjónustuflæði og samskipti

Gögn í þessum kafla byggja annars vegar á skráningum í sjúkraskrárkerfinu Sögu og hins vegar á skráningum starfsfólks í vinnuskjöl. Heimahjúkrun hefur sameiginlega sjúkraskrá með Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Núverandi möguleikar til gagnasóknar fyrir velferðarsvið og greiningar úr Sögu eru takmarkaðir og veita ekki fullnægjandi yfirsýn yfir umfang og eðli starfseminnar. Af þeim sökum er hluta gagna safnað og haldið utan um í vinnuskjöllum. Niðurstöður ber að túlka með þeim fyrirvara, en þær veita engu að síður mikilvæga innsýn í þjónustuna og þróun hennar.



Mynd 8 sýnir hlutfall samskipta eftir tegund. Vitjanir voru langstærsti hluti samskipta árið 2025 (79,0%). Hlutfallsleg skipting samskipta eftir tegund var nær óbreytt frá fyrra ári.

Faghópur	Símtöl	Vitjanir	Önnur samskipti	Samtals
Hjúkrunarfræðingur	15.550	34.776	6.242	56.568
Sjúkraliði	10.429	136.545	5.071	152.045
Aðrir faghópar	4.886	9.965	4.885	19.736
Samtals	30.865	181.286	16.198	228.349

Sunndurliðun samskipta eftir faghópum sýnir að sjúkraliðar fóru í flestar vitjanir og hjúkrunarfræðingar sinntu flestum símtölum. Tölur í töflunni eru sundurliðaðar eftir faghópum og geta því verið taldar oftar en einu sinni þegar fleiri en einn fagmaður kemur að sömu samskiptum.

Þróun samskipta frá 2024

▲ 7,0 % Önnur samskipti


▲ 5,1 % Símtöl

▲ 0,1 % Vitjanir


Þjónustufláði og samskipti

Vakt	Fjöldi samskipta	Hlutfall
Dagvakt	125.768	57%
Kvöldvakt	40.043	18%
Helgardagvakt	37.657	17%
Næturvakt	7.485	3%
Annað	10.025	5%
Samtals	220.978	100%

Dreifing samskipta eftir tegund vaktar árið 2025. Flest samskipti áttu sér stað á dagvinnutíma á virkum dögum.




Þjónustufylæði og samskipti




Mynd 9 Fjöldi nýrra beiðna á árunum 2021–2025. Fjöldi beiðna jókst á milli áranna 2024 og 2025 um 2,4%. Sé litið til tímabilsins í heild hefur fjöldi beiðna aukist um 8,3% frá árinu 2021.

Mynd 10 Fjöldi nýrra beiðna árið 2025 sundurliðað eftir því hvaðan þær komu. Nærri helmingur beiðna barst frá Landspítalanum.




Þjónustuflaði og samskipti



Mynd 11 sýnir fjölda útskrifta árið 2025, Á milli áranna 2024 og 2025 fjölgaði útskriftum um 12,6%.

Mynd 12 Sýnir afdrif notenda við útskrift.



Gæði og árangur

Gæðavísar interRAI-HC


InterRAI-HC er staðlað og gagnreynt matstæki sem notað er til að meta heilsufar, færni, félagslegar aðstæður og þjónustuparfir notenda heimahjúkrunar. Niðurstöður matsins styðja við einstaklingsmiðaða þjónustu, reglubundna eftirfylgd og gæðastjórnun. Á árinu 2025 voru framkvæmd 827 staðfest interRAI-HC mót samanborið við 871 mat árið 2024. Þrátt fyrir lítilsháttar fækkun var áfram lögð áhersla á reglubundið mat og endurmat, en endurmöt voru tæplega helmingur allra framkvæmdra mata.

Úrvinnsla interRAI-HC mata skilar jafnframt upplýsingum um skilgreinda gæðavísa. Gæðavísarnir byggja á stöðluðum mælikvörðum og gefa yfirsýn yfir helstu þætti sem snúa að heilsufari, líðan og færni notenda. Niðurstöðurnar nýtast við gæðamat, samanburð yfir tíma og forgangsroðun umbótaverkefna. Taflan til hægri sýnir niðurstöður gæðavísa fyrir árið 2025.

Gæðavísar (viðmiðunarmörk)	Tíðni	Staða
ADL færni / endurhæfingar-möguleiki og engin meðferð (58-80)	72.00%	Innan marka
Tíðni bráðarugls (1,6-5,2)	20.70%	Yfir mörkum
Tíðni byltna (6-16,2)	26.10%	Yfir mörkum
Tíðni félagslegrar einangrunar (5,7-16,6)	29.60%	Yfir mörkum
Tíðni heimsókna á bráðamóttöku og sjúkrahússinnlagnir (34,6-54,6)	42.70%	Innan marka
Meiðsli / áverkar (0,9-3,7)	3.40%	Innan marka
Tíðni Neikvæðni / depurðar (2,1-6,9)	7.30%	Rétt yfir mörkum
Tíðni ófullnægjandi verkjastillingar (7,4-9,1)	16.40%	Innan marka
Tíðni tilfella þar sem viðkomandi fékk ekki influensubólusetningu (18,7-37,1)	38.80%	Rétt yfir mörkum
Tíðni truflandi eða mikilla verkja (4,6-11)	7.10%	Innan marka
Tíðni vanrækslu / ofbeldi / misbeitingar (0,9-3,8)	2.50%	Innan marka
Tíðni vökvaskorts (2,9-9,8)	6.10%	Innan marka
Tíðni þyngdartaps (3,8-10,2)	7%	Innan marka

Gæði og árangur

Gæðavísar interRAI-HC



Mynd 13 Samanburður á tíðni gæðavísa interRAI-HC í heimahjúkrun árin 2024 og 2025. Niðurstöður voru almennt stöðugar milli ára og breytingar á flestum gæðavísunum litlar.

Gæði og árangur

Framkvæmd innra eftirlits

Fyrstu tvær vikurnar í mars og september 2025 var gerð úttekt á gæðum skráningar við afgreiðslu nýrra beiðna, viðbragðstíma og gerð hjúkrunaráætlunar. Oftast stóðust þau tímamörk sem sett eru um úrlausnir og vinnslu beiðna samkvæmt verklagi. Ávallt var sett upp hjúkrunaráætlun þegar þjónusta hófst. Í töflu hér að neðan má sjá hvenær var brugðist við beiðni samkvæmt úttekt í mars og september 2025.

Þjónusta hefst	mar.25	sep.25
Samdægurs	17	8
Einum degi síðar	16	6
Tveimur dögum síðar	7	5
Þremur dögum síðar	11	2
Fjórum dögum síðar	9	2
Seinna en fimm dögum síðar	10	11
Þurfti ekki fyrr en síðar	9	12
Aðpakkar / annað	6	4
Samtals	85	50

Atvikaskráningar


Atvikaskráningar eru mikilvægur þáttur í gæðastarfi heimahjúkrunar og stuðla að auknu öryggi notenda og starfsfólks. Atvik eru skráð, rýnd og nýtt til að greina áhættuþætti, bæta verklag og styðja við stöðugar umbætur í þjónustunni.

Á árinu 2025 voru skráð 39 atvik sem vörðuðu notendur. Flest tengdust heilsufarsástandi eða aðstæðum í umhverfi notenda (12 atvik) og lyfjagjöf (10 atvik). Öll alvarleg atvik voru tekin til rýni samkvæmt verklagi með áherslu á lærdóm, umbætur og forvarnir.

Atvikaskráningar


Gæði og árangur

Atvik er varðar notendur




Mynd 14 Tíðni atvika hjá notendum eftir tegund


Atvik er varðar starfsfólk



Mynd 16 Tíðni atvika hjá starfsfólki flokkað eftir tegund



Mynd 15 Flokkun atvika eftir alvarleika hjá notendum



Mynd 17 Flokkun atvika eftir alvarleika hjá notendum

Niðurstöður aðstandendakönnunar

Á tímabilinu desember 2024 til janúar 2025 var í fyrsta sinn framkvæmd könnun meðal aðstandenda notenda heimahjúkrunar. Markmið könnunarinnar var að varpa ljósi á upplifun aðstandenda af þjónustunni og greina tækifæri til umbóta.


Niðurstöður sýndu almennt gott viðhorf til þjónustunnar. 80% voru ánægð með þjónustuna og svipað hlutfall bar mikið traust til heimahjúkrunar.

Þá töldu flestir að viðmót starfsfólks væri vingjarnlegt og þjónustan fagleg.

Í opnum svörum komu helst fram jákvæðar umsagnir um fagmennsku, umhyggju og sveigjanleika starfsfólks. Þá kom fram í svörum tækifæri til úrbóta sem varða upplýsingagjöf, samskipti við aðstandendur, samfellu í þjónustu og skýrari tímasetningar heimsóknna.


Niðurstöður könnunarinnar voru nýttar markvisst í umbótastarfi. Endurskoðað var verklag og leiðbeiningar með aukna áherslu á fjölskylduhjúkrun.

Sjá ítarlegri niðurstöður könnunarinnar [hér](#)



Mynd 19: Niðurstöður könnunar

Upplýsingagjöf vegna þjónustunnar



Mynd 20: Niðurstöður könnunar



3. Önnur þjónusta og verkefni

Endurhæfing í heimahúsum


Endurhæfing í heimahúsi er hluti af samþættri heimaþjónustu Reykjavíkurborgar og felur í sér bæði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Markmið þjónustunnar er að auka sjálfsbjargargetu notenda, lífsgæði og félagslega þátttöku gegnum þjálfun og endurhæfingu. Með því að nýta úrræði í samfélaginu og byggja upp færni til daglegra athafna má draga úr eða minnka þjónustupörf, fækka komum á bráðamóttöku og styðja við áframhaldandi búsetu í heimahúsum.

Þjónustan er einstaklingsmiðuð og fjölbreytt og ávallt er unnið út frá því sem notandinn telur mikilvægt til þess að ráða við daglegt líf. Lagt er fyrir matstæki sem nefnist Canadian Occupational Performance Measurement (COPM) eða mæling á færni við iðju. Þjálfunin fer að miklu leyti fram inni á heimili notandans þar sem fagfólk teymanna þjálfar, styður og aðstoðar notanda í þeim athöfnum sem hann getur ekki framkvæmt eða á erfitt með að gera. Í endurhæfingarteymunum starfa iðjuþjálfar, hjúkrunarfræðingar, íþróttافرæðingar, sjúkraliðar og félagsliðar.

Árið 2025 voru alls 995 innskrifaðir í endurhæfingarteymi samanborið við 906 árið áður. Alls voru 906 útskriftir á árinu og jókst fjöldi þeirra um 25,5% frá 2024. Hlutfall notenda sem voru sjálfbjarga eða sjálfbjarga að hluta við útskrift hækkaði úr 57% í 64%.


Lykiltölur endurhæfingarteymi	2024	2025
Fjöldi notenda	906	995
Fjöldi útskrifta	722	906
Sjálfbjarga við útskrift	57%	64%

Endurhæfing í heimahúsum




Mynd 21: hlutfall notenda eftir kyni. Af 995 notendum endurhæfingarteymisins árið 2025 voru 638 konur (64%) og 357 karlar (36%).


Mynd 22: Fjöldi útskrifta var sambærilegur fjölda innskrifta í öllum teymum. Alls voru 906 útskriftir á árinu af 995 notendum sem nutu þjónustu endurhæfingarteymanna.



Endurhæfing í heimahúsum



Mynd 23: Fjöldi útskrifta var sambærilegur fjölda innskrifta í öllum teymum. Alls voru 906 útskriftir á árinu af 995 notendum sem nutu þjónustu endurhæfingarteymanna.



Mynd 24: Meirihluti notenda bætti færni sína á þjónustutímanum. Við útskrift voru 64% notenda sjálfbjarga eða sjálfbjarga að hluta og 19% þurftu minni þjónustu en áður.

SELMA

SELMA er þverfaglegt teymi hjúkrunarfræðinga af velferðarsviði Reykjavíkurborgar og lækna af Læknavaktinni, ásamt næringarfræðingi. Teymið sinnir vitjunum og ráðgjöf á virkum dögum og er ætlað að styrkja og vera ráðgefandi bakland fyrir þjónustu heimahjúkrunar.

Meginmarkmið þessarar þjónustu er að auka heilbrigðisþjónustu til notenda heimahjúkrunar sem ekki komast til mats og meðferðar á heilsugæslu eða göngudeild. Þannig er leitast við að draga úr komum á bráðamóttöku Landspítala og þörf á innlögn á spítalann.

Nafnið SELMA er skammstöfun fyrir mikilvæg einkunnarorð sem þjónustunni er ætlað aðstanda undir; Samþætt samvinna, endurmat, læknisþjónusta, meðferð og aðhlynning. Þjónusta SELMU hefur það að leiðarljósi að styrkja og efla heimahjúkrun til að stíga sterkar inn í mat og meðferð sinna notenda. Unnið er að því að heimahjúkrun hafi aukin úrræði til að leita í og að starfsfólk heimahjúkrunar finni enn frekar að heimahjúkrun sé hluti af samfelldri þjónustukeðju. SELMU-teymið hefur jafnframt að markmiði að auka samþættingu milli þjónustuaðila. SELMU-teymið spilar jafnframt stórt hlutverk í aukinni samvinnu þvert á stofnanir og aukinni samþættingu milli kerfa.


Á árinu 2025 voru skráð 350 tilfelli hjá SELMU samanborið við 397 árið áður. Þrátt fyrir fækkun tilfella fjölgaði vitjunum, símtölum og samskiptum í gegnum spjallrás. Þá jókst meðalmeðferðartími úr 10 í 15 daga. Sem bendir til aukins umfangs þjónustu við hvert tilfelli. *Í töflu hér að neðan má sjá lykiltölur fyrir starfsemi SELMU.*

Lykiltölur	2024	2025	Breyting milli ára
Fjöldi tilfella	397	350	▼ 12%
Vitjanir	253	348	▲ 38%
Símtöl	1.687	1.89	▲ 12%
Spjallrás	282	346	▲ 23%
Meðferðarlengd fjöldi daga	1-404	1-365	----
Meðal meðferðarlengd fjöldi daga	10	15	▲ 50%

SELMA

Af 350 tilfellum sem SELMA sinnti árið 2025 voru 76 einstaklingar(21,7%) með komu á bráðamóttöku. Af þeim leiddu 67 tilfelli til innlagnar á sjúkrahús (88,2%). Það bendir til þess að þeir notendur sem komu á bráðamóttöku hafi að jafnaði verið með bráðan eða alvarlegan vanda sem krafðist frekari meðferðar.

Komur á bráðamóttöku og innlagnir
350 tilfelli
↓
76 með komu á bráðamóttöku (22% af fjölda tilfella)
↓
67 innlagðir á sjúkrahús (88,2% þeirra sem fóru á bráðamóttöku þurftu innlögn)



Mynd 25 : Af 350 tilfellum sem SELMA sinnti árið 2025 voru 191 konur (51%) og 159 karlar (49%). Kynjaskiptingin var því nær jöfn, sem er athyglisvert í ljósi þess að konur eru almennt í meirihluta meðal notenda heimahjúkrunar.



4. VELFERÐARTÆKNI

Skjáheimsóknir


Skjáheimsóknir eru mikilvægur þáttur í þjónustu við einstaklinga í heimaþjónustu Reykjavíkurborgar. Um er að ræða samþætta fjarþjónustu heimahjúkrunar og heimastuðnings sem er skipulögð samhliða annarri þjónustu í heimahúsi. Markmið þjónustunnar eru að stuðla að öruggri, vandaðri og sveigjanlegri þjónustu sem mætir þörfum notenda og styður við gott starfsumhverfi starfsfólks

Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir umfang skjáheimsókna á árinu 2025. Framsetningin byggir á samtölum sem stóðu lengur en eina mínútu. Fjöldi styttri samskipta, svo sem lyfjaáminninga, kemur því ekki fram í þessum tölum.

Yfirlit	Fjöldi
Heildarfjöldi skjáheimsókna	12,510
Fjöldi notenda	147
Meðalfjöldi samtala á viku	2,903
Meðallengd mínútur	716

Hjúkrunareftirlit í skjáveri felur í sér markvisst eftirlit, ráðgjöf og stuðning heilbrigðisstarfsmanns við einstaklinga með langvinna sjúkdóma. Regluleg skjásamtöl stuðla að aukinni þekkingu og færni einstaklinga til að fylgjast með eigin heilsu og bregðast við einkennum eða breytingum á heilsufari. Þjónustan er veitt í nánú samstarfi við heimahjúkrun og geta niðurstöður samtala leitt til frekara mats, eftirfylgni eða vitjunar þegar þörf krefur.

Hjúkrunareftirlit með skjáheimsóknum	Fjöldi
Heildarfjöldi skjáheimsókna	3,186
Heildarfjöldi notenda	69




Mynd 26: Fjöldi skjáheimsókna á árunum 2023-2025

Niðurstöður skjáheimsóknir- könnun meðal notenda 2025


Árið 2025 var framkvæmd könnun á meðal notenda sem fengu skjáheimsóknir. Markmið könnunarinnar var að kanna upplifun notenda af skjáheimsóknum, með áherslu á öryggi og gæði þjónustunnar og líðan notenda. Heildarfjöldi notenda með skjáheimsóknir var 128 sumarið 2025. Alls svöruðu 56 könnunni sem samsvarar 45% svarhlutfalli.

Niðurstöður sýndu jákvæða upplifun af þjónustunni. Flestir svarendur lýstu ánægju með skjáheimsóknir og töldu þær stuðla að auknu öryggi, góðu aðgengi að stuðningi og auknum sveigjanleika í þjónustunni. Jafnframt kom fram að notendur voru almennt ánægðir með samskipti og þjónustulund starfsfólks. Í opnum svörum komu fram jákvæð ummæli um þægindi þjónustunnar, regluleg samskipti og aukið öryggi í daglegu lífi. Einnig komu fram ábendingar um tækifæri til umbóta, meðal annars varðandi tæknilausnir og framkvæmd þjónustunnar.


Hægt er að sjá ítarlegri niðurstöður [hér](#).



Mynd 27 100% notenda töldu þjónustu í skjáheimsóknum vera góða og faglega.



Mynd 28 við spurningu um hvort að skjáheimsóknir auki öryggi heima fyrir svöruðu 83% notenda já.



Mynd 29 98% notenda treysti starfsfólki til þess að veita góða þjónustu í gegnum skjáheimsóknir

Prófunarverkefni í fjarvöktun hjartabilunareinkenna

Fjarvöktun hjartabilunareinkenna var prófunarverkefni . Alls stóð verkefnið í 24 mánuði frá janúar 2024 til desember 2025. Það var unnið í samstarfi Velferðartæknismiðju, skjávers og heimahjúkrun. Verkefnið hafði það að markmiði að kanna hvort fjarvöktun gæti bætt þjónustu við notenda með langvinna hjartabilun. með auknu öryggi, betri yfirsýn yfir heilsufar, og aukinni skilvirkni og lífsgæðum að leiðarljósi.

Verkefnið byggði á norska fjarvöktunarkerfinu Dignio. Samningur náðist um þjónustu við allt að 20 þátttakendur í senn. Á prófunartímabili tóku 37 einstaklingar þátt í verkefninu og voru þeir valdir úr hópi notenda heimahjúkrunar með hjartabilun.

Lögð var áhersla á að meta áhrif og upplifun þátttakenda, sem og mögulegan sparnað í tíma og kostnaði. Niðurstöður verkefnisins benda til þess að fjarvöktun geti skilað verulegum ávinningi fyrir einstaklinga með hjartabilun, aðstandendur þeirra og þjónustuna í heild. Jafnframt gefa þær tilefni til að skoða áframhaldandi innleiðingu fjarvöktunar sem hluta af þjónustu heimahjúkrunar.



Rafrænir lyfjaskammtarar

Rafrænir lyfjaskammtarar eru mikilvægur þáttur í velferðartækni heimaþjónustu. Í lok árs 2025 voru 150 lyfjaskammtarar í notkun. Á árinu var öllum lyfjaskömmtum skipt út fyrir nýrri útgáfu með bættri nettengingu.

Lyfjaskammtarar gegna mikilvægu hlutverki við að styðja lyfjatöku, auka öryggi notenda og draga úr þörf fyrir hefðbundnar vitjanir.

Tækin leiðbeina notendum með hljóði, raddskilaboðum og texta og eru tengd stafrænum upplýsingakerfum þar sem fylgst er með notkun í rauntíma.

Á árinu 2025 afgreiddu lyfjaskammtarar alls 99.986 lyfjagjafir. Af þeim voru lyfjagjafir árangursríkar í 99,3 % tilvika sem endurspegla áfram góða meðferðarhaldni.

Lyfjaskammtarar	2024	2025
Fjöldi notenda sem notuðu lyfjaskammtara	240	190
Heildarfjöldi lyfjagjafa	104290	99986
Meðferðarhaldni (%)	99.2%	99.3%
Meðalfjöldi lyfjagjafa á þjónustuþega á dag	2.7	2.7
Meðalfjöldi lyfjagjafa á dag	286.1	273.9
Fjöldi handvirkra lyfjagjafa	641	502
Fjöldi handvirkra lyfjagjafa (%)	0.6%	0.5%



5. Þjónustusamningar um heimahjúkrun

Á árinu 2025 var í gildi þjónustusamningur um veitingu heimahjúkrunar við hjúkrunarheimilið Eir um veita samþætta heimahjúkrun og eða heimastuðning í öryggisíbúðum við Hlíðarhús 3-5 (Eirarhús) og Fróðengi 1-11 (Eirborgir) . Mat og eftirlit með þjónustu er á ábyrgð heimahjúkrunar. Bæði hjúkrunarfræðingur frá heimahjúkrun og þjónustuaðilar koma að mati á þjónustu og þjónustuþörf.

Öryggisíbúðir Eirar – Eirarhús og Eirborgir

Um er að ræða íbúðir fyrir aldraða einstaklinga sem þurfa ákveðinn stuðning eða eru í þörf fyrir heimastuðning og/eða heimahjúkrun. Hjúkrun og/eða heimastuðningur eru skipulögð fyrir hvern og einn íbúa samkvæmt beiðni frá lækni eða hjúkrunarfræðingi eftir spítaladvöl, mati frá starfsfólki velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og mati deildarstjóra öryggisíbúða. Í öryggisíbúðunum sjá hjúkrunardeildarstjórar um allt skipulag og framkvæmd þjónustunnar í samstarfi við starfsfólk, íbúa og aðstandendur þeirra. Heimahjúkrun í Reykjavík greiðir fyrir 100% stöðu sjúkraliða og 70% stöðu hjúkrunarfræðings og það er Eir sem ræður í stöðurnar til að sinna hjúkrunarþjónustunni.

2025	Eirborgir	Eirarhús
Fjöldi notenda sem fengu eingöngu heimahjúkrun	12	7
Fjöldi notenda sem fengu eingöngu heimastuðning	45	5
Fjöldi notenda með samþætta þjónustu heimastuðnings og heimahjúkrunar	18	16
Samtals með heimahjúkrun	30	23

Á skrifstofu velferðarsviðs voru eftirfarandi einingar árið 2025:

Skrifstofa stjórnsýslu – Dís Sigurgeirsdóttir skrifstofustjóri

Skrifstofa virkni og ráðgjafar – Sigrprúður Erla Arnardóttir skrifstofustjóri

Skrifstofa öldrunarmála– Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri

Skrifstofa um málefni fatlaðs fólks – Aðalbjörg Traustadóttir skrifstofustjóri

Skrifstofa fjármála – Agnes Sif Andrésdóttir fjármálastjóri

Skrifstofa mannauðs – Anna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri

Rafræn miðstöð – Styrmir Erlingsson framkvæmdastjóri

Sviðsstjóri velferðarsviðs er Rannveig Einarsdóttir.

